

Skýrsla biskups Íslands og stjórnar Þjóðkirkjunnar

Skýrsla biskups Íslands

Flm: Guðrún Karls Helgudóttir.

Biskup Íslands fer með yfirstjórn þjóðkirkjunnar eftir því sem kirkjuþing mælir nánar fyrir um. Biskup Íslands gætir einingar kirkjunnar og hefur tilsjón með kristnihaldi, kenningu kirkjunnar og þjónustu, skv. 3. gr. laga nr. 77/2021 um þjóðkirkjuna. Biskup Íslands boðar til *biskupafundar*, sem m.a. endurskoðar skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma og setur fram tillögur um breytingar í þeim efnum, fjallar um málefni er varða trú, kenningu kirkjunnar, helgisiði og helgihald, sbr. starfsreglur um biskupafund nr. 34/2022-2023.

Biskupaskipti urðu á árinu en Agnes M. Sigurðardóttir biskup Íslands, lét af störfum 1. september síðastliðinn, sökum aldurs. Þann dag vígðist Guðrún Karls Helgudóttir til biskups Íslands en tók við ákvörðunum biskups á vettvangi stjórnsýslu hinn 1. júlí sl. og voru þá tveir biskupar í þjónustu frá 1. júlí til 1. september.

Agnes var fyrsta konan til að gegna embætti biskups Íslands en það markaði nýjan kafla í jafnréttismálum kirkjunnar. Hún hefur fengist við afar krefjandi starf fyrir þjóðkirkjuna og gengið í gegnum mikla breytingatíma bæði hjá þjóðkirkjunni sem og í samfélaginu öllu.

Biskup Íslands hefur að venju komið fram á og tekið þátt í ýmsum viðburðum og fjölbreyttum samkomum yfir árið en það er mikilvægt hlutverk biskups að vera þátttakandi og styðjandi í lífi þjóðar. Agnes biskup lauk vísitasíum sínum í byrjun sumars. Biskup og vígslubiskupar hafa verið fulltrúar þjóðkirkju Íslands við biskupsvígslur, og tekið þátt í ráðstefnum og fundum á erlendri grundu.

Helgistund með biskupi Íslands á aðfangadagskvöld og jólamessa í Hafnafjarðakirkju voru sýndar í Ríkissjónvarpinu auk þess sem bein útsending var frá biskupsvígslunni 1. september síðastliðinn. Þá messaði biskup í Dómkirkjunni samkvæmt venju á nýársdag, páskadag og á Sjómannadaginn sem útvarpað var í Ríkisútvarpinu. Biskup prédikaði og blessaði í fjölda annarra guðsþjónusta víðs vegar um landið og leiddi helgistundir í vísitasíum. Biskup Íslands þjónaði fyrir altari í Dómkirkjunni við setningu Alþingis, við innsetningu forseta og einnig á 17. júní.

Á aukakirkjuþingi 27. október 2023, samþykkti kirkjuþing að vígslubiskupar færu með allar stjórnsýslulegar ákvarðanir biskupsembættisins sem lögfylgjur kynnu að hafa, þar til nýr biskup tæki við embætti. Tilfni þeirrar ákvörðunar var úrskurður úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar nr. 2/2023. Verkaskiptingin var með þeim hætti að vígslubiskup Skálholtsumdæmis, Kristján Björnsson, bæri ábyrgð á þessu hlutverki í prófastsdæmunum þremur á höfuðborgarsvæðinu en vígslubiskup Hólaumdæmis, Gísli Gunnarsson í landsbyggðarprófastsdæmunum.

Biskupsstofa

Biskupsstofa gerir fjárhagsáætlanir fyrir þau svið sem heyra undir biskup Íslands, í samráði við rekstrarstofu og starfar samkvæmt þeim fjárheimildum sem kirkjuþing samþykkir. Biskupsstofa hefur eftirlit með því að sviðin haldi sig innan fjárheimilda.

Biskupsstofa veitir söfnuðum landsins ýmsa ráðgjöf og þjónustu. Boðið hefur verið upp á fjölda námskeiða í héraði og hafa þau fengið góðar viðtökur. Bæði hafa verið námskeið á vegum fræðslusviðs og einnig verið boðið upp á námskeiðið, *Samtal við sóknir* á vegum tengiliðs sókna hjá biskupsstofu þar sem farið er yfir störf, starfsemi og hlutverk sóknarnefnda. Þetta framtak hefur mælst mjög vel fyrir og mikil eftirspurn er eftir þessari þjónustu.

Skjólið, athvarf fyrir heimilislausar konur, starfar undir verndarvæng biskups Íslands. Á tímabilinu 1. október 2023 til 12. september 2024 nýttu 66 konur sér þjónustu Skjólsins, heimsóknirnar voru 1092. Af þeim voru 22 konur að koma í fyrsta skipti en konurnar voru á aldrinum 19-66 ára en meirihlutinn eða 60% á aldrinum 26-45 ára. Aðsókn í Skjólið virðist aukast eftir sumarfrí starfsmanna en að meðaltali komu fimm konur í heimsókn daglega frá október 2023 til júlí 2024 og í ágúst til september 2024 komu átta konur í heimsókn daglega.

Peace in and with creation er yfirskrift ráðstefnu ritara samkirkjumála á Norðurlöndum og Eystrasaltslöndum, en hún var haldin í Reykjavík í janúar síðastliðnum. Alls sóttu 30 manns ráðstefnuna sem gekk vel í alla staði.

Sálgæslu- og fjölskylduþjónusta kirkjunnar hefur verið þéttsetin á starfsárinu. Heildarfjöldi viðtala voru um 3000 sem skiptust á þrjá starfsmenn. Viðtölin skiptast í sorgarviðtöl, handleiðslu, sálgæsluviðtöl, sambúðarviðtöl og fjölskylduviðtöl en flest viðtalanna heyra undir þrjú síðastnefndu. Fjöldi starfsfólks kirkjunnar, vígðir sem óvígðir þjónar, sækir handleiðslu hjá Sálgæslu- og fjölskylduþjónustu kirkjunnar sem einstaklingar eða í hópum. Frá 1. janúar sl. hefur prestur sinnt vinnu við að aðstoða þolendur ofbeldissambanda, bæði með einstaklingsviðtölum sem hafa nú náð 420 skiptum sem og með hópastarfi. Þá starfa jafnframt hjá þjónustunni tveir fjölskyldufræðingar sem aðstoða fjölskyldur fanga, en um er að ræða stöður greiddar af félagsmálaráðuneytinu. Þrátt fyrir að hægt sé að leita til þjónustunnar í gegnum fjarfundabúnað lýsir starfsfólkið yfir áhyggjum af landsbyggðinni sem þau myndu vilja hlúa betur að.

Humm.is er vefur sem fræðslusviðið vinnur að með UT-sviði, en vefurinn hefur það markmið að veita fólki á öllum aldri greiðan aðgang að heildstæðri og nútímalegri fræðslu um kristna trú. Sviðin hafa einnig unnið í sameiningu að uppfærslu á vefnum efnisveita.is.

Kirkjudagar voru haldnir í Lindakirkju dagana 25. ágúst til 1. september sl. Yfirskrift daganna var „Sælir eru friðflytjendur“. Kirkjudagar voru vel sóttir, bæði helgihald sem og vinnustofur. Fræðslusvið tók virkan þátt í undirbúningi og framkvæmd kirkjudaga og hefur unnið efni undir yfirskriftinni „Sælir eru friðflytjendur“ til þess að nota í kirkjustarfi í vetur. M.a. er unnið að gerð myndbanda fyrir samfélagsmiðla sem og gerð fræðsluefnis fyrir barnastarf kirkjunnar, fermingarstarfið og fullorðinsfræðsluna.

Leikmannastefna var haldin í Grensáskirkju 14. október 2023. Þar var samþykkt að starfsemi Leikmannastefnu yrði endurskoðuð með það að markmiði að vera „vörn og vígi“

sókna og safnaða í Þjóðkirkjunni, bæði gagnvart ríkisvaldinu sem og kirkjustjórninni. Samþykkt var að kjörinn yrði fimm manna starfshópur, þrjár einstaklingar af hálfu Leikmannastefnu og tveir frá Sóknarsambandi sem undirbúi stofnun slíks félags/samtaka, sem leysa muni af hólmi bæði Sóknarsambandið og Leikmannastefnuna.

Aðgerðateymi þjóðkirkjunnar fékk til sín sex tilkynningar á tímabili skýrslunnar, þ.e. frá 1. október 2023 til 30. september 2024. Á borði teymisins eru nú 11 mál, þar af eru fimm í bið, verið er að ljúka fjórum og unnið er að könnun tveggja mála. Á tímabilinu var þremur málum lokið endanlega. Rétt er að taka fram að teymið heldur ekki skrá yfir aðila sem leita ráðgjafar hjá teyminu eða upplýsingar en árlega berast teyminu nokkur slík erindi.

Söngmálastjóri sinnti fjölmörgum verkefnum á sviði kirkjutónlistar. Hún hafði umsjón með upptökum á útvarpsmessum og sá um vikulega aðstoð við sálmaval og útvegum organista í messur guðfræðinema. Söngvahátíð barnanna var haldin í apríl, bæði á Akureyri og í Reykjavík. Þá fór Sálmafoss fram 30. ágúst sl. en alls tóku 16 kórar þátt en 550 kirkjukórsöngvarar voru heiðraðir fyrir að hafa sungið í kirkjukór í 30 ár eða lengur og hlutu heiðursviðurkenninguna Liljuna á Kirkjudögum 2024. Bókasafn Tónskóla þjóðkirkjunnar var endurskipulagt á árinu en það rann saman við Bókasafn þjóðkirkjunnar og heitir nú Bókasafn þjóðkirkjunnar – Kirkjutónlistardeild. Safnið er skráð á leitir.is og er kirkjutónlistardeildin hýst í húsnæði Tónskólans. Þá flutti Tónskóli þjóðkirkjunnar í nýtt húsnæði í Háteigskirkju í Reykjavík nú í sumar.

Aðgangur að tölfraði þjóðkirkjunnar, tölur um starf í söfnuðunum o.fl. hefur verið sett upp á innri vef þjóðkirkjunnar www.naust.kirkjan.is. Hægt er að sjá tölurnar á landsvísu sem og í hverju prestakalli.

Á vormánuðum hófst innleiðingarferli á nýju skjalakerfi, Gopro, en öll skjöl skjalasafnsins frá nóvember 2012 eru nú aðgengileg á einum stað. Einnig hafa verið fest kaup á fundargerðakerfi Gopro. Það verður notað fyrir fundi kirkjuþings og nefndir á vegum þess. Það hefur í för með sér mikið hagræði, hægt er að varpa fundargerðum úr kerfinu yfir á heimasíðu kirkjunnar og betri tenging verður við skjöl sem lögð eru fram á fundum. Eins hafaskil á fundargerðum nefnda ekki verið góð en það horfir nú til betri vegar. Í júní var skipt um bókhaldaskerfi en fyrir valinu varð Business Central en breytingin hefur í för með sér talsverðar hagræðingar.

Samráðs- og upplýsingafundir

Stjórnendur Biskupsstofu og rekstrarstofu (biskup, biskupsritari, framkvæmdastjóri og skrifstofustjóri Biskupsstofu) hittast ásamt forseta kirkjuþings á samráðsfundum á tveggja vikna fresti þar sem farið er yfir þau málefni sem efst eru á baugi hverju sinni, s.s. ráðningar presta og djákna og tilfærslur og önnur málefni sem mikilvægt er að stjórnendur séu allir upplýstir um.

Biskup Íslands er boðuð á fund stjórnar Þjóðkirkjunnar (áður framkvæmdanefndar) einu sinni í mánuði og þar fer hún yfir það helsta sem er á borði biskups og starfsfólks hennar hverju sinni.

Þá hafa skrifstofustjóri og framkvæmdastjóri fundað reglulega til að fara sérstaklega yfir hreyfingar í mannahaldi í vígðri þjónustu. Allir stjórnendur Biskupsstofu fá sundurliðað yfirlit yfir raunstöðu launa miðað við áætlun í byrjun hvers mánaðar og fylgjast þannig með því að þessi stærsti útgjaldaliður Þjóðkirkjunnar standist áætlanir. Miðað við yfirlit frá 1. október síðastliðnum er launakostnaður Þjóðkirkjunnar enn undir áætlun, þrátt fyrir að almennar launahækkanir á árinu hafi farið umfram það sem áætlað var.

Mannauður

Þann 1. október 2024 var starfsfólk þjónustumiðstöðvar kirkjunnar 17 í 15,8 stöðugildum, auk tveggja starfsmanna kirkjuþings í 1,5 stöðugildum. Margrét Bóasdóttir lauk störfum fyrir kirkjuna á árinu sem söngmálastjóri sökum aldurs. Við starfi hennar tók Guðný Einarsdóttir, sem auk þess að sinna starfi söngmálastjóra tók einnig við starfi skólastjóra Tónskóla Þjóðkirkjunnar.

Gyða Marín Bjarnadóttir, mannauðsfulltrúi og Margrét Hannesdóttir, sérfræðingur, luku báðar störfum á árinu. Verkefni þeirra færast á annað starfsfólk, a.m.k. til að byrja með. Endurráðið var í störf biskupsritara og samskiptastjóra.

Æskulýðsfulltrúi Austurlandsprófastsdæmis, Berglind Hönnudóttir, lét af störfum á tímabilinu og Gunnfríður Katrín Tómasdóttir sinnir starfinu fram að áramótum.

Tveir prestar létu af störfum á tímabilinu, Dalla Þórðardóttir og Ragnheiður Jónsdóttir. Sex prestar sögðu starfi sínu lausu og voru fjórir þeirra ráðnir tímabundið til þjónustu í öðrum prestaköllum.

Í lok september 2024 eru 128 prestar á launaskrá í 126 stöðugildum, þar af eru sex prestar með tímabundna ráðningu og þrír prestar (þrjú stöðugildi) í námsleyfi. Að auki sinna þeir 3,25 stöðugildum í aukaþjónustu í sjö prestaköllum. Fjórir fastráðnir prestar eru í fæðingarorlofi. Þjóðkirkjan þakkar þeim sem lokið hafa störfum á árinu fyrir vel unnin störf.

Þjóðkirkjan hlaut jafnlaunavottun haustið 2022. Viðhaldsvottun fór fram í október og er því ferli nú lokið. Þjóðkirkjan stendur sig vel í að fylgja eftir markmiðum í jafnréttis- og jafnlaunastefnunum sem samþykktar voru árið 2021.

Um áramótin 2023/2024 lauk mannauðsmælingum sem fyrirtækið HR Monitor hefur framkvæmt um tólf mánaða skeið. Niðurstöður mælinganna voru kynntar á prestastefnu í vor og á starfsmannafundi fyrir starfsfólki á skrifstofu þjónustumiðstöðvar Þjóðkirkjunnar. Hafa mælingarnar reynst mjög gagnlegar og mikil umbótavinna farið fram til að bregðast við því sem betur má fara, s.s. með námskeiðum og fræðslu. Ánægjulegt var að sjá að starfsfólk telur sig geta leitað til mannauðssviðs, biskups, viðkomandi prófasts, sóknarprests, sóknarnefndar og fleiri aðila. Mannauðssvið þjónustumiðstöðvarinnar kom vel út sem er afar ánægjulegt enda mikilvægt að starfsfólk um allt land geti verið í góðu sambandi við þjónustumiðstöðina og leitað til hennar.

Mannauðsstefna Þjóðkirkjunnar var tekin í notkun í nú í október en hún er aðgengileg á heimasíðu Þjóðkirkjunnar.

Lokaorð

Góður andi ríkir á Biskupsstofu eftir að starfsfólk sameinaðist á eina skrifstofu í byrjun sumars. Starfsemin fer nú fram í Kirkjuhúsinu, Borgartúni 26. Skrifstofuhúsnæðið er ekki alveg tilbúið en þó fer vel um alla.

Biskup er þakklát öllu því góða og mikilvæga starfsfólki sem starfar og þjónar í kirkjunni í launuðum og ólaunuðum störfum. Öll vinnum við að sama marki sem er að gera kærleika Krists sýnilegan í heiminum, biðja, boða trú og veita fyrirmyndar þjónustu.

Að lokum er gott að gera yfirskrift nýliðinna kirkjudaga að okkar og taka alvarlega hlutverki okkar sem friðflytjendur.

Guð blessi þjóðkirkjuna, þjóna hennar og starfsfólk og öll þau er hana sækja.

Reykjavík október 2024

Guðrún Karls Helgudóttir, biskup Íslands

Skýrsla stjórnar Þjóðkirkjunnar

Flm. Arna Grétarsdóttir, Árni Helgason, Einar Már Sigurðarson,
Rúnar Vilhjálmsson og Þuríður Björg Wium Árnadóttir

Á fundi kirkjuþings 2023-2024 þann 9. mars 2024 kusu kirkjuþingsfulltrúar úr sínum hópi stjórn Þjóðkirkjunnar, sbr. 4. gr. starfsreglna um kirkjuþing nr. 10/2021-2022. Aðalmenn eru Rúnar Vilhjálmsson, formaður, Árni Helgason, varaformaður, Arna Grétarsdóttir, Einar Már Sigurðarson og Þuríður Björg Wium Árnadóttir. Varamenn eru Anna Guðrún Sigurvinsdóttir, Guðni Már Harðarson og Jónína Rós Guðmundsdóttir.

Stjórn Þjóðkirkjunnar leysti af hólmi framkvæmdanefnd Kirkjuþings í kjölfar breytinga á skipulagi Þjóðkirkjunnar sem samþykkt var þann 8. mars sl. í 53. máli kirkjuþings 2022-2023. Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. starfsreglna um kirkjuþing nr. 10/2021-2022 starfar stjórnin á ábyrgð kirkjuþings og lýtur boðvaldi þingsins. Stjórnin fer með æðsta vald í fjármálum kirkjunnar á milli þinga innan þeirra marka er starfsreglur um fjármál setur henni. Þá ritar meirihluti stjórnar firma Þjóðkirkjunnar. Kirkjuþing samþykkti að stjórnin sem fyrst væri kosin sæti fram að reglulegu haustþingi 2025.

Stjórnin hefur fundað að jafnaði mánaðarlega og eru fundargerðir stjórnar aðgengilegar á vef Þjóðkirkjunnar. Auk stjórnarmanna sat Birgir Gunnarsson, framkvæmdastjóri stjórnarfundu ásamt Eiríki Guðlaugssyni ritara stjórnar. Eftir að sr. Guðrún Karls Helgudóttir tók við sem biskup Íslands hefur hún setið stjórnarfundu ásamt biskupsritara, sr. Evu Björk Valdimarsdóttur.

Fundir stjórnar fóru að jafnaði fram í fundarsal þjónustumiðstöðvarinnar en einn fundur var haldinn í Skálholti og hófst hann á skoðun á þeim framkvæmdum sem átt höfðu sér stað þar og fundi með stjórn Skálholtsstaðar og starfsmönnum staðarins. Þá hefur stjórn Þjóðkirkjunnar fjallað á fundum sínum um skipulag og rekstur Skálholtsstaðar.

Miklar breytingar hafa átt sér stað í rekstri Þjóðkirkjunnar á þeim stutta tíma sem stjórnin hefur setið. Þar ber helst að nefna að nýr biskup tók við, starfsemi þjónustumiðstöðvarinnar flutti í nýtt húsnæði og nýtt skipurit var innleitt. Þær miklu breytingar hafa tekist vel og vill stjórnin koma á framfæri þökkum til allra þeirra sem tóku þátt í innleiðingu þeirra breytinga. Sérstakar þakkir fá Birgir Gunnarsson, framkvæmdastjóri og Eiríkur Guðlaugsson, ritari stjórnar, fyrir gott samstarf.

Vinnureglur um ábyrgð og verkefni stjórnar

Stjórnin hefur unnið að því að setja sér vinnureglur og fékk stjórnin Bjarna Snæbjörn Jónsson, ráðgjafa, sér til fulltingis við þá vinnu. Eru reglurnar lagðar fram sem viðauki við skýrslu stjórnar.

Fjármál

Framkvæmdastjóri hefur kynnt mánaðarlega rauntölur úr bókhaldi samanborið við áætlun. Með tilkomu nýs fjárhaldsbókhaldskerfis hefur verið unnt að fá nákvæmari og uppfærða stöðu úr kerfinu sem er mikil framför frá því sem áður var.

Rekstur Þjóðkirkjunnar hefur gengið vel á árinu og raunar umtalsvert betur en fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir. Ef fram fer sem horfir mun reksturinn skila afgangi á árinu. Er það mikið fagnaðarefni en stjórn leggur áherslu á að halda þurfi áfram samstilltu átaki allra hlutaðeigandi við að halda rekstrinum í jafnvægi og mynda burðugan varasjóð. Varasjóður sem þegar hefur myndast nær nú því hlutfalli af gagngjaldi ríkisins sem reglur Þjóðkirkjunnar kveða á um.

Fjárhagsáætlanagerð fyrir árið 2025 hófst í september. Í áætlun er gert ráð fyrir fyrir tekjum að fjárhæð 4.684.163.833 kr. en útgjöldum að fjárhæð 4.684.025.718 og þar af leiðandi tekjuafgangi upp á 138.115 kr. Er það mikil framför frá fyrri árum, en á síðasta ári var áætlaður halli upp á rúmlega 25 milljón krónur.

Á árinu var unnin úttekt á upplýsingatæknimálum Þjóðkirkjunnar og í kjölfarið hófst vinna við að endurskoða og draga úr þeim kostnaði, sem hefur tekist vel, en vinna við það er enn í gangi.

Fasteignir

Í fasteignamálum dró til tíðinda á árinu er biskupshúsið að Bergstaðastræti 75 í Reykjavík var selt. Kaupverðið nam 360,5 m.kr. sem stjórn telur viðunandi verð fyrir eignina. Líkt og áður hefur verið rætt og ritað verður kaupverðið sett í varasjóð Þjóðkirkjunnar. Samhliða sölu eignarinnar hófst leit að hentugu móttökuhúsnaði fyrir biskup og hefur nú verið gengið frá samningi um leigu á hæð að Tjarnargötu 4 í Reykjavík sem nýtt verður sem móttökuhúsnaði.

Aðrar eignir sem seldar voru á árinu eru Dalbraut 2, Dalvík, íbúðarhúsið að Syðra-Laugalandi í Eyjafirði og Smáragata 6 í Vestmannaeyjum en söluferli á hinum tveimur fyrrnefndu eignunum var hafið þegar stjórnin tók til starfa. Samanlagt kaupverð þessara eigna var 200,25 m.kr.

Stjórnin hefur fylgst með ráðstöfun eigna s.s. með leigusamningum og lóðarleigu og er sífellt leitast við að hámarka þær tekjur sem Þjóðkirkjan hefur af nýtingu eigna.

Viðhald fasteigna fór fram úr áætlun á árinu sem skýrist að mestu af því að upp kom raki og mygla í prestbústaðinn að Breiðabólstað svo ráðast þurfti í mjög kostnaðarsamar aðgerðir. Stjórnin telur nauðsynlegt að fasteignum Þjóðkirkjunnar verði sinnt betur og með markvissara hætti. Nauðsynlegt skref í þá átt er skýrsla um ástand fasteigna sem er í vinnslu hjá fasteignasviði og er áætlað að verði tilbúin þegar kirkjuþing kemur saman á nýju ári.

Önnur mál

Ýmis önnur mál rötuðu á borð stjórnar. Þar má meðal annars nefna málefni Reykhóltsstaðar, en endurskoða þarf núverandi fyrirkomulag á rekstri staðarins. Í því sambandi hafa formaður stjórnar og rekstrarstofa átt samskipti við fyrrverandi sóknarprest og stjórn og formann Snorrastofu. Eins hefur stjórnin fjallað um málefni Jöfnunarsjóðs og Kristnisjóðs og átt fund með formanni úthlutunarnefndar sjóðanna um störf og verkferla nefndarinnar. Þá hefur formaður stjórnar ásamt stjórninni átt fundi með kjaranefnd Þjóðkirkjunnar vegna hlutverks nefndarinnar og ákvarðana hennar, bæði varðandi kjarasamningamál og samræmingu þóknana og greiðslna fyrir störf innan Þjóðkirkjunnar.

Að lokum

Eins og fram hefur komið hefur stjórnin unnið að vinnureglum sem skýra stöðu, ábyrgð og verkefni stjórnarinnar í samræmi við samþykktir kirkjuþings. Reglunum er ætlað að vera til leiðbeiningar fyrir stjórnarmenn í störfum sínum.

Viðsnúningur hefur orðið í rekstri Þjóðkirkjunnar til hins betra og stefnir í rekstrafgang á þessu ári. Því ber að fagna, en ýmsar áskoranir og úrlausnarefni eru þó framundan. Þjóðkirkjan þarf að marka sér stefnu og reglur um umsýslu og ráðstöfun varasjóðs sem nú hefur myndast, en varasjóður skal ekki nýttur til almenns reksturs kirkjunnar.

Skálhóltsstaður hefur sérstaka stjórn, framkvæmdastjóra og tekjustofna, en málefni staðarins koma jafnframt inn á borð stjórnar Þjóðkirkjunnar, sem þó hefur takmarkaða yfirsýn yfir reksturinn. Ástæða er til að athuga hvort og þá hvernig skilgreina megi betur stöðu Skálhóltsstaðar í skipulagi Þjóðkirkjunnar.

Fasteignastefna Þjóðkirkjunnar þarf að vera heildstæð og byggja á raunhæfu mati á ástandi og rekstrarkostnaði fasteigna. Húsnæði í eigu kirkjunnar þarf að halda vel við svo verðmæti spillist ekki, en ástandsskýrsla þar um er í vinnslu. Þá þarf að taka tillit til markaðsaðstæðna þegar gjald fyrir afnot af fasteignum kirkjunnar er ákvarðað. Meta þarf sjálfstætt og heildstætt hvaða húsnæði Þjóðkirkjan skuli eiga og hvaða húsnæði leigja. Um jarðeignir í eigu Þjóðkirkjunnar skulu gilda önnur og strangri sjónarmið.

Það er ekki sjálfgefið að rekstur Þjóðkirkjunnar sé réttu megin við núllið en til að það takist þurfa allir að leggjast á árarnar og mikilvægt að hafa í huga að þetta er áætlun sem þýðir ekki endilega að allt sem áætlað er fyrir nái fram að ganga. Mikilvægt er að vakta reksturinn frá mánuði til mánaðar og bregðast við ef eitthvað er að fara úrskeiðis.

VIÐAUKI

Vinnureglur um ábyrgð og verkefni stjórnar Þjóðkirkjunnar

1. gr. Skipan stjórnar.

- 1.1. Stjórn Þjóðkirkjunnar skipa fimm kirkjuþingsfulltrúar úr röðum aðalmanna, þrír úr hópi óvígðra og tveir úr hópi vígðra. Þrír varamenn eru kosnir með sama hætti. Formaður komi úr röðum leikmanna og skal kosinn sérstaklega, en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum.

2. gr. Kjörtímabil.

- 2.1. Stjórn Þjóðkirkjunnar skal kosin hvert ár á síðasta fundi reglulegs kirkjuþings að hausti.

3. gr. Verksvið stjórnar, stjórnarformanns og framkvæmdastjóra.

- 3.1. Stjórn Þjóðkirkjunnar fer með æðsta vald í fjármálum kirkjunnar á milli þinga innan þeirra marka er lög og starfsreglur um fjármál setja henni.
- 3.2. Stjórnin ræður framkvæmdastjóra Þjóðkirkjunnar, samþykkir starfslýsingu hans og veitir honum lausn. Skal gerður skriflegur ráðningarsamningur við framkvæmdastjóra þar sem m.a. skal kveðið á um laun hans og önnur starfskjör.
- 3.3. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á framkvæmd ákvarðana stjórnar, rekstri, mannauðsmálum og daglegri stjórn starfseinnar, en stjórn ber ábyrgð á að eftirlit sé haft með starfsemi, reikningshaldi og meðferð fjármuna Þjóðkirkjunnar.
- 3.4. Stjórn Þjóðkirkjunnar framfylgir stefnu kirkjunnar í samræmi við samþykktir kirkjuþings. Hún samþykkir framlagningu árlegra fjárhags- og starfsáætlana sem framkvæmdastjóri ber ábyrgð á að undirbúa og gera tillögu um í samræði við fjárhagsnefnd. Stjórnin hefur eftirlit með því að framkvæmdastjóri fylgi fjárhags- og starfsáætlun eftir.
- 3.5. Formaður stjórnar ber ábyrgð á að stjórnin fái nákvæmar og skýrar upplýsingar og gögn til að hún geti sinnt starfi sínu. Formaður upplýsir stjórn um þau samskipti sín við kirkjuþing og framkvæmdastjóra er varða stjórnarmálefni og sem fram fara milli stjórnarfunda.
- 3.6. Meirihluti stjórnar ritar firma Þjóðkirkjunnar.
- 3.7. Framkvæmdastjóri fer með prókúru.
- 3.8. Stjórn Þjóðkirkjunnar skal setja starfseinni markmiðsáætlun í samræmi við samþykktir kirkjuþings. Stjórnin skal fylgjast með því að framkvæmdastjóri marki og fylgi aðgerðaráætlunum í samræmi við þá markmiðsáætlun.

- 3.9. Stjórn Þjóðkirkjunnar tekur ákvarðanir í málum sem telja verður mikilsháttar eða óvenjuleg. Stjórn getur þó veitt framkvæmdastjóra heimild til afgreiðslu slíkra mála í einstökum tilvikum. Stefnumarkandi ákvörðunum skal stjórn vísa til kirkjuþings.

4. gr. Vanhæfi.

- 4.1. Stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri mega ekki taka þátt í meðferð máls, svo sem um samningsgerð milli þeirra og Þjóðkirkjunnar, um málshöfðun gegn þeim, eða um samningsgerð milli Þjóðkirkjunnar og þriðja manns eða málshöfðun gegn þriðja manni, ef þeir hafa þar verulegra hagsmuna að gæta. Sama á við ef um er að ræða verulega hagsmuni aðila sem nákomnir eru viðkomandi stjórnarmanni eða framkvæmdastjóra. Skylt er stjórnarmanni og framkvæmdastjóra að upplýsa um slík atvik og víkja af fundi við afgreiðslu slíks máls.
- 4.2. Leggja skal fyrir stjórnina til afgreiðslu, staðfestingar eða synjunar alla samninga sem stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri kunna að gera við Þjóðkirkjuna og samninga milli Þjóðkirkjunnar og þriðja manns, ef stjórnarmaður, framkvæmdastjóri, eða aðili nákominn þeim hafa verulega hagsmuni af slíkum samningum.

5. gr. Þagnar- og trúnaðarskylda.

- 5.1. Á stjórnarmönnum hvílir þagnarskylda um málefni Þjóðkirkjunnar, hagi þeirra sem á vegum hennar starfa og önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu sem leynt skulu fara samkvæmt samþykktum, lögum eða eðli máls, og geta skaðað kirkjuna, starfsmenn hennar eða aðra hagaðila, nema um sé að ræða málefni sem stjórnin ákveður að gera opinber eða slíkt leiðir af ákvæðum laga um Þjóðkirkjuna eða samþykktum kirkjuþings. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.
- 5.2. Stjórnarmaður skal varðveita trúnaðargögn með tryggilegum hætti sem hann kann að fá afhent í tengslum við starf sitt sem stjórnarmaður.

6. gr. Sérstök verkefni.

- 6.1. Stjórn Þjóðkirkjunnar skal setja sér markmið og verkefni fyrir hvert starfsár, sem liggja skal fyrir tveimur mánuðum eftir kosningu stjórnar.

7. gr. Sérstök verkefni

- 7.1. Stjórn Þjóðkirkjunnar getur í sérstökum tilvikum falið einstökum stjórnarmönnum, einum eða fleiri, tiltekin mál til athugunar og undirbúnings afgreiðslu á stjórnarfundi.

8. gr. Fyrirsvar stjórnar

- 8.1. Formaður stjórnar Þjóðkirkjunnar er málsvari stjórnar og kemur fram fyrir hennar hönd varðandi málefni starfseminnar, nema stjórnin ákveði annað. Framkvæmdastjóri kemur fram fyrir hönd Þjóðkirkjunnar í öllum málum er varða daglegan rekstur og framkvæmd verkefna sem stjórn hefur ákveðið að fela honum. Stjórnarmenn skulu

beina óskum sínum um gögn eða upplýsingar til stjórnarformanns eða framkvæmdastjóra.

- 8.2. Formaður stjórnar kemur fram fyrir hönd stjórnar gagnvart framkvæmdastjóra. Ákvarðanir stjórnar skulu bókaðar á fundum stjórnar og fylgir formaður stjórnar þeim eftir gagnvart framkvæmdastjóra.

9. gr. Boðun funda o.fl.

- 9.1. Fundir stjórnar Þjóðkirkjunnar skulu að jafnaði haldnir mánaðarlega, eða þegar stjórnarformaður ákveður. Stjórnarfundir skulu haldnir á skrifstofu Þjóðkirkjunnar. Í sérstökum tilvikum má halda fundi annars staðar telji formaður efni fundarins eða aðrar aðstæður gefa tilefni til.
- 9.2. Stjórnarformanni ber að kalla saman stjórnarfund ef einhver stjórnarmanna, framkvæmdastjóri, eða endurskoðandi krefst þess.
- 9.3. Framkvæmdastjóra og biskup Íslands skal boða á fundi stjórnar og hafa þeir þar málfrelsi og tillögurétt. Stjórnin getur einnig boðað aðra til stjórnarfunda ef fundarefni gefur tilefni til.
- 9.4. Framkvæmdastjóri skal annast boðun funda með minnst viku fyrirvara, Stjórnarformaður getur þó ákveðið skemmri frest telji hann það nauðsynlegt. Dagskrá stjórnarfundar og helstu gögn skulu fylgja fundarboði.
- 9.5. Nú telur formaður ekki stætt á því vegna sérstakra aðstæðna að bíða þess að haldinn verði stjórnarfundur og getur hann þá tekið ákvörðun um fjarfund stjórnar.

10. gr. Ákvörðunarvald, atkvæðagreiðslur o.fl.

- 10.1. Stjórn Þjóðkirkjunnar er ákvörðunarbær þegar meirihluti stjórnarmanna sækir fund, enda hafi fundurinn verið boðaður í samræmi við 9. gr. Leitast skal við að stjórn sé fullskipuð aðalmönnum eða varamönnum á hverjum stjórnarfundum.
- 10.2. Formaður stjórnar stýrir stjórnarfundum.
- 10.3. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum í öllum málum. Falli atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns úrslitum.
- 10.4. Stjórnarmaður er einungis bundinn af sannfæringu sinni, en ekki fyrir mælum þeirra sem hafa kosið hann.

11. gr. Fundagerðir og fundagerðarbók.

- 11.1. Formaður stjórnar Þjóðkirkjunnar skal sjá til þess að haldin sé gerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum og um ákvarðanir stjórnar.
- 11.2. Í fundargerðarbók skal skrá eftirfarandi
 - Hvar og hvenær fundurinn er haldinn.
 - Hverjir sitja fundinn og hver stýri honum.

- Fundarefni og hvaða ákvarðanir hafa verið teknar.
- Hvenær og hvar næsti stjórnarfundur verður haldinn.
- Hver hafi ritað fundargerðina.

- 11.3. Einstakir stjórnarmenn geta komið afstöðu sinni á framfæri með stuttri bókun í fundargerðarbók óski þeir þess. Bókun skal lögð fram áður en fundi er slitið.
- 11.4. Sé fundargerð ekki full frágengin í lok fundar skal hún borin upp til samþykktar í upphafi næsta fundar.
- 11.5. Fundargerð skal samþykkt af þeim er fund sitja. Fundargerðir sem færðar hafa verið inn í fundargerðarbók félagsins teljast full sönnun á því sem gerst hefur á stjórnarfundum.
- 11.6. Fundargerðir stjórnar Þjóðkirkjunnar skulu vera opinberar, birtar á vef Þjóðkirkjunnar.
- 11.7. Trúnaðarmál sem ekki eru færð í fundargerðarbók skulu færð í trúnaðarbók.

12. gr. Skýrslur.

- 12.1. Framkvæmdastjóri Þjóðkirkjunnar skal á hverjum fundi gefa stjórninni skýrslu, munnlega eða skriflega, um veigamikil atriði úr starfseminni frá síðasta stjórnarfundum. Með sama hætti skal stjórnarformaður gera grein fyrir framvindu mála sem hann hefur fylgt eftir milli stjórnarfunda.
- 12.2. Stjórn getur á stjórnarfundum kafið framkvæmdastjóra um upplýsingar og gögn sem stjórninni eru nauðsynleg til að hún geti sinnt verkefnum sínum.

13. gr. Undirritun ársreiknings

- 13.1 Stjórn Þjóðkirkjunnar undirritar ársreikning kirkjunnar.

14. gr. Önnur ákvæði um störf stjórnar.

- 14.1. Um ábyrgð, vald og störf stjórnar Þjóðkirkjunnar fer að öðru leyti en greinir í starfsreglum þessum samkvæmt lögum um Þjóðkirkjuna, stefnu og ályktunum kirkjuþings, lögum um ársreikninga og öðrum almennum lögum og samþykktum kirkjunnar.

15. gr. Breytingar á vinnureglum stjórnar.

- 15.1. Breytingar á vinnureglum þessum skulu lagðar fyrir kirkjuþing til kynningar. Til breytinga á vinnureglunum þarf samþykki einfalds meirihluta stjórnar.
- 15.2. Vinnureglur þessar skal taka til skoðunar að loknu kirkjuþingi hvers árs með tilliti til hugsanlegra breytinga.

16. gr. Varsla og meðferð vinnureglna

- 16.1. Frumrit vinnureglna þessara, með áorðnum breytingum ef við á, skal jafnan vera til staðar í fundargerðarbók stjórnar.

16.2. Þeir sem eiga sæti í stjórn Þjóðkirkjunnar við setningu vinnureglna þessara skulu undirrita frumrit vinnureglanna. Ef stjórnin samþykkir breytingar á vinnureglunum skulu stjórnarmenn undirrita frumrit af reglunum svo breyttum. Nýjum stjórnarmönnum skulu kynntar vinnureglurnar og skulu þeir undirrita frumrit þeirra því til staðfestu.

Samþykkt þannig á stjórnarfundi Þjóðkirkjunnar hinn 23. september 2024.

Rúnar Vilhjálmsson, formaður stjórnar